

Kennsluáætlun

Samfélagsfræði / Íslenska

Norræn goðafræði

Aðal kennslustund,

Vorönn 2. feb - 6.mars 2026

4-5 bekkur Kennari Ása Hlín Svavarsdóttir,

Lýsing á lotunni og tilhögun kennslunnar:

- Unnið er í gegnum goðafræðina frá Ginnungagapi og sköpun heimanna til Ragnaraka. Ekki verða farið í allar sögurnar en áhersla lögð á eftirtaldar: Ginnungagap og Ýmir alfaðir, Auðhumla verður til, Óðinn og bræður, Yggdrasil og heimarnir níu, Askur og Embla- fyrstu mennirnir, Óðinn og Frigg, Loki og sjölskylda, Þór og Mjöllnir, Bygging Valhallar og svik Loka, Dauði Baldurs og Ragnarök.

Kennslustundin byrjar á kveikju kennara þar sem hann er búin að teikna mynd sem á við viðkomandi sögu á töflu, einnig mun hann sýna myndir úr bókum og blöðum af efninu. Fyrirlestur um efnið og lesið úr námsbókum til að færa nemendum gleggri mynd af heimunum/sögunum sem um ræðir.

- Nemendur rita texta sem eiga við hverju sinni í verkefnabækur sínar og myndskreyta. Einnig munum við túlka heimana (sögurnar með vatnslitum, vax og lita blýöntum, vatnslitum og leir.

- Íslenski hluti lotunnar felst í ritun og stafsetningu, þar sem nemendur eru þjálfaðir í að skrifa stutta texta sjálfir og leiðrétta eftir á ef þörf krefur. Einnig verður unnið með þætti eins og kyn, orðflokka, greini, tíðir og fallbeygingu.

Kennsluaðferðir:

- Smá fyrirlestrar og upplestar við töflu.
- Umræður nemanda hvor við aðra og kennara.
- Skrásetning í vinnubækur.
- Túlkun í myndlist, málun, teikning og mótun í leir.

Hæfniviðmið:

- Að nemendur....
- hafi innsýn inn í Norræna goðafræði og tileinki sér að nokkru leyti söguþráð sagnanna.
- hafi skilning á uppruna sagnanna og tengingu þeirra við íslenskan menningararf og trúarbrögð.
- hlusti á innlagnir og taki þátt í samræðum um efnið að þeim loknum.
- leggi sig fram við að rita af kostgæfni í verkefnabækur sínar og vandi til vinnubragða þegar túlkað er með myndmáli hverslags.
- sýni samnemendum sínum, kennara og skólaliða kurteisi og gott viðmót,
- geti tengt námsefnið út fyrir efnið.
- noti frumleg og sjálfstæð efnistöð í túlkun myndmáls og sýni áræðni.

Ítarefni við kennsluna:

Völuspá (ljóðbálkur), Óðinn og bræður hans, Æsir á fljúgandi ferð og lífið í Ásgarði (kennslubækur gefnar út af Námsgagnastofnun). Goð og garpar, úr norrænum sögum (Bókaforlagið Saga).

Námsmat:

- Virkni og vinnubrögð
- Hlustun og þátttaka í umræðum.
- Samskipti og samvinna við samnemendur og kennara.
- Hugmyndaauðgi og sköpun.